

Annar fundur Delta deildar, starfsárið 2010-2011, var haldinn á Háskólatorgi, stofu 300, á 2. hæð, mánudaginn 25. október 2010, á sjálfan kvennafrídaginn.
Fundurinn hófst kl 18:00. 12 félagskonur mættar

Formaðurinn okkar Elísabet Jóhannesdóttir setti fundinn og kveikti á kertunum.
Í upphafi fundar voru nokkrar tilkynningar: Elsa sagði frá stofnun nýrrar deildar, Lamda, en stofnfundur fer fram að Fríkirkjuvegi 1, fimmtudaginn 28. október 2010.
Og Elsa bað okkur að taka frá 8.-9. maí 2011, en þá verður Landsambandsþing haldið á Suðurnesjunum.
Jenna gjaldkeri minnti á árgjöldin og útteildi félagsskírteinum til þeirra sem ekki voru búnar að fá skírteinin sín.

Þá tók til máls aðalgestur fundarins, Auður Hauksdóttir forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur (SVF). Auður hefur verið forstöðumaður stofnunarinnar frá árinu 2001 eða frá stofnun hennar.

“Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er rannsóknastofnun innan Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands. Stofnunin er rannsóknaveitvangur kennara deildarinnar sem fást við erlend tungumál og fornfræði.

Frá haustmisseri 2001 hefur stofnunin notið þess heiðurs að bera nafn Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrum forseta Íslands. Vigdís er velgjörðar sendiherra tungumála hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) en áður kenndi hún erlend tungumál um árabil og hefur stutt tungumálakennslu í verki á margvíslegan hátt.

Stofnunin leggur kapp á að efla rannsóknir og þróunarstarf tengt erlendum tungumálum. Stefnt er að því að ráða framhaldsnema í tungumálum og sérfræðinga á sviði erlendra tungumála, menningar-, kennslu- og þýðingarfræða til rannsóknastarfa.”[Sótt á vefsíðu hi.is].

Auður sagði að mikill áhugi væri erlendis frá á stofnuninni og mikill áhugi almennt fyrir Vigdís Finnbogadóttur og fer hún í erindagjörðir víðs vegar um heim. Oft ein á ferð
Hún sagði að árið 1908 hefði tungumálakennsla breyst hérlandis, gömlu málin gríska og latína viku fyrir yngri tungumálum. Á 90 ára afmæli Háskólans var SVF stofnuð.
Tungumálakunnátta almennings gerir þjóð að heimsborgurum. Gildi felast í tungumálakunnáttu. Helstu verkefni stofnunarinnar eru rannsóknir, kennsla og ýmiss menningartengd verkefni.

Háskóli unga fólksins er ein af hugmyndum Auðar og vill hún gjarnan færa verkefnið einnig til landsbyggðarinnar.

Bókaútgáfa er viðmikið verkefni SVF, en nýjasta bókin er *Tungumál ljúka upp heimum: orð handa Vigdís*.

Kl 18:55 kom Hrefna Ingólfssdóttir verkefnastjóri.

Í máli Auði kom fram að nauðsynlegt er að byggja 3.000 fermetra hús til að hýsa starfsemi SVF. Áætlaður kostnaður er 1,2 milljarðar og hefur þegar verið aflað um 800 milljóna. Stakk hún upp á að DKG og fleiri félög kvenna tækju að sér að styðja verkefnið, svo hægt væri að hefja byggingu. Byggingunni er ætlaður staður á háskólasvæðinu.

Að loknu erindi Auðar voru umræður en tími vannst ekki til að ljúka fleiri dagskrármálum, sem bíða til næsta fundar.

Formaður sleit fundi um kl 20:00 og Deltakonur skunduðu á veitingastaðinn Pottinn og pönnuna og snæddu þar súpu, salat og brauð. Héldu síðan glaðar heim á leið.

Fundarritari Halldóra Jónsdóttir.